

**Fundargerð stjórnar BÍS 10/2017, þriðjudaginn 14. mars 2017 kl. 17:30
í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.**

Mættir:

Anna G Sverrisdóttir formaður fjármálaráðs, Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Björk Norðdahl formaður fræðsluráðs, Dagmar Ýr Ólafsdóttir aðstoðarskátahöfðingi og formaður félagaráðs, Harpa Ósk Valgeirdóttir formaður dagskrárráðs, Jakob Guðnason formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs, Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri BÍS.

Dagskrá:

1) Setning

Marta Magnúsdóttir nýr skátahöfðingi bauð fundarmenn nýkjörinnar stjórnar velkomna.

2) **Fundargerðir síðustu funda:** Fundargerðir félagsforingjafundar og aukaskátaþings. Fundargerð 9 samþykkt af fyrri stjórn.

3) **Yfirlit stjórnarmanna (3 mín).** Af hvaða hugsjón við erum hér og hvað liggur okkur á hjarta núna:

- a) **Anna G:** Fann að þörf var á henni í stjórn til að sinna þeim málum sem þar liggja fyrir. Finnur að það þarf að ýta á og efla starfið. Mikilvægt að möguleikinn að vera skáti hverfi ekki úr íslensku lífi.
- b) **Berglind:** Vill láta gott af sér leiða og halda áfram með það sem hún hefur byrjað á.
- c) **Björk:** Hefur mikla trú á skátastarfi og vill kynna það betur og sérstaklega fyrir foreldrum, hefur fulla trú á starfsgrunninum og að færa valdið til skátanna sjálfra. Gilwell námskeiðin vinna vel að þessu að kynna fyrir foreldrum, halda áfram á sömu braut.
- d) **Dagmar:** Hefur áhyggjur af skátastarfi í Reykjavík, finnst að þetta eigi að vera raunhæfur kostur í boði fyrir börn og ungmenni.
- e) **Harpa:** Fór úr erfiðu skátaumhverfi yfir í skátapeppið og þau fundu þar góða línu með að tala saman og vinna saman, útrýma hervaldastefnu og sýna umhyggju í starfi. Metnaður fyrir því í dagskrárráði að hafa eitthvað praktískt í starfinu fyrir foringjana. Vinna áfram með að bæta utanumhald með praktísku hlutina. Skátapeppið heldur vel áfram og Harpa er inni í því. Hefði viljað koma inn í stjórn á öðrum forsendum en að Una léti af störfum, en kemur með gleði inn í stjórn.
- f) **Jakob:** Hefur ótrúlega mikinn áhuga á að taka ytri sýn á næsta stig, einfalda vefinn og gera skilvirkari, opna meira fyrir almenningi, gera þannig að við höfum ekkert að fela og leyfa öðrum að njóta og fá þannig fleiri í lið með okkur.
- g) **Jón Þór:** Þykir vænt um hreyfinguna og veit að hún á erindi til ungs fólks. Það er hægt að stuðla að því að bæta heiminn saman með því að þroska og móta ungt fólk. Að vera í stjórn er oft mikið starf en gefandi, alþjóðastarfið er honum mjög hugleikið og finnst að það stuðli að því að ungt fólk haldist í starfi auk þess sem það á afar vel við nú, þegar

heimurinn er að minnka hratt. Mikilvægt er að gefa fólki tækifæri til að stunda alþjóðastarf, það gefur eitthvað og snertir taug - er gulrót, sýnir að við erum partur af einhverju stærra.

- h) Marta:** Byrjaði 15 ára og fór í upphafi á Roverway og það varð til þess að hún hefur haldið áfram í skátastarfi. Finnur að margt frábært er í gangi í skátastarfi í kringum hana –erum að gera margt gott en viljum alltaf bæta okkur.
- i) Skátamiðstöðin:** Óskar nýrri stjórn til hamingju með kjörið og hlakkar til samstarfs á jákvæðum grundvelli. Eru á fullu að ganga frá eftir Skátaping, uppfæra heimasíður, tengingar og aðgang nýrra meðlima í nefndum og ráðum.

4) Meginviðfangsefni 1:

- a) Skátaping 10.-11. mars 2017. Niðurstöður og endurmat. Frestað til næsta fundar.

5) Meginviðfangsefni 2:

- a) Nýliðanámskeið og samráðsfundir stjórnar og ráða BÍS, boðað miðvikudaginn 15. mars kl. 19-21. Marta verður með hópefli og leggur til að stjórnarmeðlimir verði með hluta af efni nýliðanámskeiðsins á fyrsta fundi ráðanna, ekki taka allt þetta praktíska í einu. Marta sendir á stjórnarmeðlimi hvað þeir eru beðnir að tala um.

6) Meginviðfangsefni 3:

- a) Við sem stjórn og okkar starfsgrunnur og starfsandi. Mikilvægt að samskipti séu heiðarleg, hrein og bein, nú erum við að kynnast sem teymi – mikilvægt að við minnumst alltaf skátaheitsins í öllum samskiptum. Lagt til að stjórnarmeðlimir kynni sér samskiptareglur og siðareglur.

7) Mál til kynningar:

- a) Siðareglur stjórnar. Sent á stjórn og stjórnarmeðlimir beðnir um að skoða fyrir næsta fund. Þá þurfa að berast breytingatillögur ef eitthvað er. Það er mikilvægt að dagsetja allt sem samþykkt er. Mikilvægt að hafa sniðmát (template) sem léttir starf okkar með að t.d. allt sé dagsett ofl. Vísað til upplýsingarráðs að útfæra.
- b) Samningur við ráðuneyti. Sigríður verður í sambandi við ráðuneytið.

8) Mál til afgreiðslu og bókunar:

- a) Sumardagurinn fyrsti. Sonja hefur óskað eftir því að nýir stjórnarmenn taki við að manna viðburðinn. Forsaga málsins var rifjuð upp. Ákveðið að Björk taki málið áfram.
- b) Fulltrúi BÍS í samningsnefnd Úlfljótsvatns sf. Þetta er jörðin sjálf þar sem við eigum 50% á móti Skógræktinni. Sveinn Guðmundsson lögfræðingur er annar fulltrúinn og verið er að kanna með annan fulltrúa.
- c) Fulltrúi BÍS í Úlfljótsvatnsráð (rekstur, húsin, framkvæmdastjórn), Þjóðþrif og Skátabúðina. Anna G Sverrisdóttir tekur það að sér – SÁ lætur vita og uppfærir. SÁ spyr Sonju hvort hún segir líka af sér úr Skátamótum.
- d) Fararhópar á heimsping WOSM og WAGGGS. Tillaga að formaður alþjóðaráðs (JPG) fari á WAGGGS. Á WOSM heimsping fari fulltrúi ungmennaráðs (BLB), skátahöfðingi (MM), formaður alþjóðaráðs (JPG) og deputy IC WOSM (LMP). Lagt til að Marta fari einnig, ásamt fulltrúa

ungmennaráðs, á Youth Forum sem fulltrúi. Berglind verður einnig fulltrúi á Youth Forum á Moot. Samþykkt.

9) Önnur mál

- Trúnaðarmál. Fært í trúnaðarbók.
- Samskipti við ráðuneyti. JPG, UGS og SÁ fóru á fund með fulltrúum MMR og hittu okkar tengiliði þar. Mikilvægt að nýr fundur verði fljótlega þar sem nýr skátahöfðingi og ný stjórn verði kynnt til leiks. Athuga með að hafa fund þar sem Marta geti verið, ef ekki þá er aðst. skátahöfðingi og/eða gjaldkeri/formaður alþjóðaráðs BÍS. SÁ kannar með fundinn – og setja etv aðra fundi á svipuðum tíma þar sem Marta getur mætt.
- Undirritun tilkynningar um breytingu á stjórn/prókúru. Stjórn undirritar.
- Trúnaðarmál – það þarf að fá fleiri aðila í viðbragðsteymið.
- Tímasetning stjórnarfundar. Ákveðið að fundartími stjórnar verði 1. og 3. þriðjudag í mánuði kl. 19:30-21:30. Fundartími endurskoðaður í maí.
- Fundargerðir stjórnar. JG óskar eftir að fundargerðir fari fyrr á vefinn en verið hefur. Ákveðið að stjórn fái fundargerðir daginn eftir fund og hafi fjóra daga til að gera athugasemdir, annars telst hún samþykkt.
- Trúnaðarmál. Fært í trúnaðarbók.

Fundi slitið kl. 20:20.
Fundargerð ritaði SÁ.

Úr viðburðadagatali BÍS:

13. mars	Endurfundir skáta
15	Nýliðanámskeið og samráðsfundir stjórnar og ráða BÍS
17-19	Leiðtoganámskeið - Skátapepp
	Róverskátahelgin - ekki endanleg dagsetning
25	Rödd ungra skáta
25	Félagsstjórnanámskeið
26.-26.	Réttindanámskeið Úlfljótsvatns 1: "Bogfimi" og "Eldað fyrir hópa"
28	Vítamínkvöld - Hatursorðræða á netinu
mars/apríl	Gilwell leiðtogaþjálfun 3. skref - ekki á dagatal
1	Gilwell leiðtogaþjálfun 4. skref
1.-2.	Réttindanámskeið Úlfljótsvatns 2: "Klifur" og "Bátar"
4	Fundur BÍS og SSR ásamt félagsföngjum í Rvík um uppbyggingu skátastarfs í Rvík
7-14	Auður djúpúðga - útivistaráskorun rekkaskáta
10	Endurfundir skáta
	Íslenski fáninn í öndvegi
19.-23	Agora 2017 - Delft, Netherlands
20	Sumardagurinn fyrsti
20	Skátafélagið Vífill fagnar 50 ára afmæli
27	Vítamínkvöld - Útivist í skátastarfi
19.-23	Young Spokesperson Training (við höldum þetta fyrir WOSM)
28-30	Hrollur - ævintýrleg útivistarkeppni fyrir dróttskáta